

HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI

HÆTTUMATSSKÝRSLA GREININGARDEILDAR
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA ÁRIÐ 2025



GRD

Greiningardeild
ríkislögreglustjóra

INNGANGUR	5
SAMANTEKT	6
HELSTU ÓGNIR VEGNA HRYÐJUVERKA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2025	7
GAGNRÁÐSTAFANIR	8
HÆTTUSTIG VEGNA HRYÐJUVERKAÓGNAR Á ÍSLANDI	9
SKILGREININGAR OG SKORÐUR	11
HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI 2025	14
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	20
HERSKÁIR ÍSLAMISTAR	22
PÓLISTÍSKIR ÖFGAHÓPAR/-EINSTAKLINGAR	26
GEREYÐINGARVOPN	28
HRYÐJUVERKAÁRÁSIR UM INTERNET – NETHRYÐJUVERK	30
ÞÆTTIR SEM FALLNIR ERU TIL AÐ DRAGA ÚR HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI	34
GAGNRÁÐSTAFANIR	36



INNGANGUR

Embætti ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á öryggismálum er varða ógn af hryðjuverkum á Íslandi. Greiningardeild ríkislögreglustjóra (GRD) vinnur árlega stefnumiðaða greiningu varðandi ógn af hryðjuverkum á Íslandi og segir til um líklega framtíðarþróun.

Hryðjuverkaógnin samanstendur af tveimur meginþáttum, annars vegar beinni ógn þ.e. framkvæmd hryðjuverks eða hótun um að fremja hryðjuverk; þar undir fellur undirbúningur og skipulagning hryðjuverka.

Hins vegar er það óbein ógn þ.e. aðild að, hvatning til eða stuðningur við hryðjuverkastarfsemi; þar undir fellur öflun liðsmanna, innræting ofbeldisfullrar öfgahyggju og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Beinar hryðjuverkaárásir, undirbúningur þeirra og skiplagning vegna þyngst í mati GRD á hryðjuverkaógninni á Íslandi. Geta öfgamanna eða -hópa til að styðja hryðjuverkastarfsemi með öflun liðsmanna, dreifingu áróðurs, innrætingu og fjármögnun hryðjuverka svo sem með peningasingum til skilgreindra hryðjuverkasamtaka hefur hins vegar áhrif á langtímaþróun hryðjuverkaógnar á Íslandi. Eru þessir matsþættir GRD vegna hryðjuverkaógnar í samræmi við almenn hegningarlög nr. 19/1940.

GRD vann eftirfarandi skýrslu með upplýsingar frá lögreglulíðum landsins til hliðsjónar ásamt upplýsingum úr þeim gagnagrunnum sem lögregla starfrækir. Skýrslan byggir einnig á upplýsingum frá ýmsum samstarfsaðilum og opnum heimildum innlendum sem erlendum. Unnið var með upplýsingar sem aflað var fyrir 31. desember 2024.

SAMANTEKT

-
- Hryðjuverkaógnin á Íslandi árið 2025 hefur aukist lítillega frá fyrra ári en telst enn vera á þriðja stigi af fimm „Aukin ógn“. Hafa ber í huga að aðstæður og atburðir geta haft skyndileg áhrif á hryðjuverkaógnina jafnt innan lands sem og á alþjóða vettvangi.
-
- „Aukin ógn“ vegna hryðjuverka skýrist af því að á Íslandi eru einstaklingar/hópar sem aðhyllast ofbeldisfulla hægri öfgahyggju og sem jafnframt hafa þekktan ásetning eða getu til að framkvæma hryðjuverk.
-
- Ísland er ekki talið sérstakt skotmark alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka. Hins vegar getur óbein ógn aukist á árinu 2025 með sívaxandi spennu í alþjóðasamskiptum vegna stríðsátaka í Mið-Austurlöndum og Úkraínu.
-
- Upplýsingaóreiða og samsæriskenningar geta haft undirliggjandi áhrif á ógnina af hryðjuverkum og líkur standa til að hvoru tveggja fari vaxandi á árinu 2025 einkum vegna hraðrar þróunar gervigreindar og tilrauna óvinveittra stjórnvalda til að grafa undan samstöðu vestrænna ríkja.
-
- Einfaldara og betra aðgengi að dulrituðum rafmyntum eykur hættu á samstarfi hryðjuverkahópa og skipulagðra brotahópa. Sömuleiðis eykur það hættu á fjármögnun hryðjuverka.

HELSTU ÓGNIR VEGNA HRYÐJUVERKA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2025

-
- Einstaklingar sem tengjast ofbeldisfullri hægri öfgahyggju teljast líklegastir til að skipuleggja og/eða framkvæma árásir.
-
- Helstu skotmörk árása sem tengjast öfgahyggju eru m.a. einstaklingar sem tengjast ákveðnum minnihlutahópum s.s. vegna kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar eða kyntjáningar, vegna uppruna eða trúar. Stjórnmalafólk; einkum það sem er áberandi í umræðum sem tengjast átökum í Mið-Austurlöndum. Einnig tákmyndir ríkisvaldsins s.s. fánar, opinberar byggingar, skrifstofur/heimili ráðamanna. Tákmyndir sem tengjast trú s.s. kirkjur, moskur og bænahús gyðinga.
-
- Líklegast er talið að einföldum og/eða heimatilbúnum vopnum verði beitt komi til þess að hryðjuverk verði framið á Íslandi árið 2025. Undir heimatilbúin vopn falla þrívíddarprentuð vopn, rörasprengjur, o.fl. Undir einföld vopn falla haglabyssur, rifflar, skammbyssur, hnífar, axir og ökutæki.

GAGNRÁÐSTAFANIR

-
- Lögreglan þarf að vera á varðbergi fyrir tilraunum til hryðjuverka og hryðjuverkatengdra brota, sérstaklega hvað varðar einstaklinga sem tengjast ofbeldisfullri hugmyndafræði.
-
- Lögreglan þarf að sýna árvekni varðandi öfgafulla umræðu í samfélaginu sem hvetur til stórfelldra ofbeldis- og hryðjuverka.
-
- Greiningardeild ríkislögreglustjóra mun halda áfram að fylgjast náið með þróun mála í Evrópu og Mið-Austurlöndum til að tryggja að viðeigandi og tímanlegar öryggisráðstafanir séu til staðar.
-
- Aukið samstarf við önnur ríki um hryðjuverkavarnir, þar sem hættustig vegna hryðjuverkaógnar í mörgum ríkjum Evrópu hefur verið hækkað. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð er hættustig vegna hryðjuverka á fjórða stigi af fimm.

HÆTTUSTIG VEGNA HRYÐJUVERKAÓGNAR Á ÍSLANDI

FYRSTA STIG

Lágmarks ógn, engar vísbendingar eru um hryðjuverkaógn og engar upplýsingar um hvorki ásetning né getu til að fremja hryðjuverk.

ANNAÐ STIG

Takmörkuð ógn, hugsanlega er ógn til staðar, takmörkuð geta eða ásetningur.

ÞRIÐJA STIG

Aukin ógn, til staðar er ásetningur og/eða geta og hugsanleg skipulagning hryðjuverka.

FJÓRÐA STIG

Alvarleg ógn, til staðar er þekkt ógn. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu.

FIMMTA STIG

Mjög alvarleg ógn, tiltekin ógn er til staðar. Vitað er um ásetning, getu og skipulagningu og hugsanlega er hryðjuverkaárás yfirvofandi.

NÚVERANDI STAÐA

Núverandi hættustig vegna hryðjuverkaógnar er í þriðja þrepi af fimm og er metið sem „*aukin ógn*“.



SKILGREININGAR OG SKORÐUR

Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 segir svo um hryðjuverk í 100 gr. a: „Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmetum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnámálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.“ Jafnframt segir: „Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.“

Einstaklingsbundin öfgahyggja sem t.d. tengir samsæriskenningar og ofbeldisdýrkun saman við trúarlega eða hugmyndafræðilega öfgastefnu og kann einnig að mótast af sértækum persónulegum þáttum s.s. áföllum, jaðarsetningu eða hatri á ákveðnum minnihlutahópum nefnist *sambætt öfgahyggja*, erlendis hefur þetta verið nefnt „salad bar extremism“ og „hybrid ideology“. Um sambætta öfgahyggju var fjallað ítarlega í skýrslu ársins 2024

Fjölgun hefur orðið á stafrænum sýndartorgum á internetinu sem á ensku nefnast „virtual platforms“. Hugtakið sýndartorg nær hér yfir hugbúnað svo sem Zoom, Webex, Google Meet, Lifesize og Jami þar sem hægt er að eiga dulkóðað spjall, texta- og skjádeilingu en einnig spjallsvæði á samfélagsmiðlum (Discord, Telegram, Facebook, Instagram o.s.frv.) þar sem ýmiss konar öfgahyggja er megininntak skoðanaskipta. Markmiðið með uppsetningu og rekstri slíkra sýndarvettvanga getur einnig beinlínis verið innræting öfgahyggju og er það í samræmi við umfjöllun GRD í skýrslu um hryðjuverkaógn sem birt var í febrúarmánuði 2022.

Um hvatningu og/eða stuðning við hryðjuverk segir í 100 gr. c í lögum 19/1940: „Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Hér verður ekki fjallað sérstaklega um fjármögnun hryðjuverka enda gefur greiningardeild ríkislögreglustjóra út sérstakt áhættumat varðandi hana á tveggja ára fresti. Um fjármögnun hryðjuverka segir í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 100 gr. b: „Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.“

Íslensk stjórnvöld eru enn fremur skuldbundin af alþjóðasamningum, -löggjöf og -samstarfi til að sporna gegn hryðjuverkastarfsemi þ.m.t. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. Upplýsingar um slíka samninga, lög og samstarf má m.a. finna á vef stjórnarráðsins.

Í árlegri skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál sem gefin var út í maímánuði 2024 kemur fram að: „Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart þrjátíu ríkjum en auk þess eru sérstakar aðgerðir vegna hryðjuverkasamtaka, netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2023 við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi.“

Aðildarríki Evrópusambandsins skilgreina hryðjuverkastarfsemi (e. terrorism) sem glæpsamlega verknaði sem miða að því að ógna samfélögum, þvinga ríki til að verða við kröfum gerenda og/eða grafa undan pólitískum, stjórnskipunarlegum, efnahagslegum og félagslegum grundvallarþáttum ríkis eða alþjóðastofnunar. Sömuleiðis fellur undir löggjöfina hvers konar opinber hvatning eða fortölur til að framkvæma hryðjuverk þar undir, svo og dýrkun eða réttlætning á hryðjuverkum og dreifing á boðskap eða myndefni hvort heldur er á alnetinu eða með öðrum hætti, þar með talið því sem sýnir fórnarlömb hryðjuverka og nýtt er til að afla málstað hryðjuverkamanna stuðnings eða til að ógna almenningi með alvarlegum hætti. Ekki eru til staðar sambærileg ákvæði í íslenskri löggjöf, sem taka sérstaklega til vörslu og dreifingar slíks myndefnis.

Í skýrslu þessari vísar orðið „íslamisti“ (e. jihadist) til ofbeldisfulls heittrúarmanns sem fylgir bókstafstúlkun á kennisetningum Kóransins. Nánar tiltekið er „íslamismi“ skilgreindur hér sem ofbeldisfull trúarbrögð er tilheyra

einum anga „salafisma“; hreyfingar súnna-múslima sem hafnar lýðræði og þingbundinni stjórn með þeim rökum að löggjöf manna fari gegn orði Guðs sem sé hinn eini réttmæti löggjafi. Er þessi skilgreining í samræmi við skilgreiningu Evrópulögreglunnar.

Markmið íslamista er að mynda íslamskt ríki undir íslömskum lögum (sharí'a), eins og þau eru túlkuð innan íslamisma. Helstu fulltrúar þessarar hugmyndafræði eru hryðjuverkasamtökin Al Kaída og Ríki íslams.

Andstætt öðrum trúarhópum er aðhyllast salafisma, réttlæta íslamistar beitingu ofbeldis með vísun í klassískar íslamskar kenningar um „jihad“, hugtak sem þýðir bókstaflega „eftirsókn“ eða „áreynsla“, en sem íslamistar líta á sem trúarlega viðurkenndan hernað – heilagt stríð. Allir þeir sem eru á móti túlkun íslamista á íslömskum lögum eru taldir „óvinir íslams“ og því álitnir lögmæt skotmörk og skiptir þá engu hvort um aðra múslima, kristna menn eða gyðinga er að ræða.

Hér skal tekið fram að langflestir múslimar eru andvígir beitingu ofbeldis til þess að ná fram pólitískum markmiðum. Öfgasinnaðir íslamistar eru með öðrum orðum lítill minnihlutahópur í flestum Evrópuríkjum.

HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI 2025

Greiningardeild ríkislögreglustjóra (GRD) vinnur árlega stefnumiðað mat á hryðjuverkaógninni gegn Íslandi en skv. reglugerð 404/2007 er greiningardeild ríkislögreglustjóra falið að vinna stefnumiðaða greiningu varðandi ógn af hryðjuverkum til lengri tíma á víðtækum grunni sem tekur mið af þróun mála héraðs og erlendis og segir til um líklega framtíðarþróun. Einstaklingsbundin öfgahyggja sem t.d. tengir samsæriskenningar og ofbeldisdýrkun saman við trúarlega eða hugmyndafræðilega öfgastefnu og kann einnig að mótast af sértækum persónulegum þáttum s.s. áföllum, jaðarsetningu eða hatri á ákveðnum minnihlutahópum nefnist *sambætt öfgahyggja*, erlendis hefur þetta verið nefnt „salad bar extremism“ og „hybrid ideology“, sem fjallað var ítarlega um í skýrslu ársins 2024.

Eftirfarandi skýrsla er árlegt mat GRD á þróun hryðjuverkaógnarinnar. Meginefni skýrslunnar er mat á ógninni um hryðjuverkaárásir, en einnig er tekið tillit til annarra þátta sem eru taldir hafa áhrif á langtímaþróun hryðjuverkaógnarinnar. Skýrslan fjallar einnig um fjölda fyrirbæra og aðstæðna í alþjóðlegu samhengi sem talin eru hafa áhrif á ásetning og getu ofbeldisfullra öfgamanna til að framkvæma hryðjuverkaárásir gegn Íslandi.

Mat GRD á hryðjuverkaógninni gegn Íslandi 2025 er ekki verulega frábrugðið mati síðasta árs, óvissuþættir hafa aukist, en hryðjuverkaógnin gegn Íslandi er þó enn talin á þriðja stigi. Hryðjuverkaógnin gegn Íslandi árið 2025 stafar fyrst og fremst frá ofbeldissinnuðum einstaklingum sem starfa í litlum hópum eða einir síns liðs og sækja hvatningu í ofbeldisfullan áróður hægri öfga. Lögregla á Íslandi býr yfir upplýsingum um einstaklinga sem telja verður hættulega samfélaginu þar sem viðkomandi búa yfir bæði löngun og getu til að fremja voðaverk.

Í skýrslu GRÐ um ofbeldi ungmenna var greint frá því að alvarlegt ofbeldi meðal þeirra hefur aukist. Ungmenni í viðkvæmri stöðu eru oft berskjölduð fyrir öfgaefni á internetinu og er þekkt að bæði hópar í brotastarfsemi og þeir sem aðhyllast öfgahyggju leiti í börn og ungmenni til að efla málstað sinn. Slík þróun hefur þegar sest í nágrannalöndum okkar og þekkist á ensku sem „crime terror nexus“. Þessi þróun getur skapað alvarlega ógn þar sem brota- og hryðjuverkastarfsemi skarast.

Óvissa um hryðjuverkaógn fer vaxandi á Íslandi og á hinum Norður-löndunum ekki síst vegna möguleika hryðjuverkasamtaka að koma á framfæri áróðursboðskap á internetinu og samfélagsmiðlum í því skyni að hvetja til hryðjuverka. Hér á landi eru til staðar veikleikar í hryðjuverkavörnum og telur greiningardeild ríkislögreglustjóra brýnt að gera viðeigandi ráðstafanir sem raktar eru í skýrslu þessari og öðrum skýrslum sem deildin hefur unnið á síðustu árum.

Í skýrslum greiningardeildar ríkislögreglustjóra (GRÐ) varðandi hryðjuverkaógn hefur verið fjallað um hættuna sem stafar af ofbeldisfullri hugmyndafræði. GRÐ sér nú ýmis merki um vaxandi andlýðræðislega og ofbeldisfulla öfgahyggju eins og hugmyndir hvítrar kynþáttahyggju, ásamt ýmsum öðrum samsæriskeningum, sem dreifast á milli notenda á lokuðum spjallborðum og samskiptamiðlum. GRÐ telur líklegt að dulkóðaðir stafrænir vettvangar muni á næstu árum enn auka áhrif á ofbeldisfulla öfgahyggju og þá sérstaklega á meðal ungs fólks.

GERVIGREIND

Þróun gervigreindar (AI) og möguleikar hennar hafa fengið mikla athygli undanfarin misseri bæði vegna þeirra tækifæra sem hún skapar og þeirra áskorana sem hún felur í sér. Að mati GRÐ er gervigreind ekki talin skapa nýja hryðjuverkaógn, heldur bætist hún við núverandi ógn með því að efla getu alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka sem og öfgafullra einstaklinga til stafrænna áraða og innrætingar ofbeldisfullrar hugmyndafræði.

Með öðrum orðum er unnt að nýta gervigreind til að framkvæma öflugri og áhrifaríkari netárásir og árásir á innviði. Þá má einnig nota gervigreind til að dreifa fölskum eða villandi upplýsingum eins og fjallað var ítarlega um í hryðjuverkaskýrslu GRÐ árið 2024. Líklegt er talið að ofbeldisfullir öfgamenn muni á árinu 2025 í auknum mæli reyna að nýta sér gervigreind til að ná fram markmiðum sínum.

Evrópusambandið hefur brugðist við þessari þróun m.a. með því að setja lög um notkun og þróun gervigreindar. Lögin miða að því að vernda almenning gegn ógnum sem tengjast gervigreind og tryggja að grundvallarmannréttindi séu virt.

Á Íslandi hefur einnig verið lögð áhersla á ábyrga notkun gervigreindar. Í september 2024 undirrituðu íslensk stjórnvöld nýjan rammSAMNING Evrópuráðsins um gervigreind og mannréttindi, sem miðar að því að tryggja að tæknin sé notuð í samræmi við mannréttindi, lýðræði og réttarríkið.

GRD telur brýnt að íslensk stjórnvöld og stofnanir haldi áfram að þróa og innleiða reglur og aðferðir til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem misbeiting gervigreindar getur haft í för með sér.

Á Norðurlöndum og raunar víðar í Evrópu hafa viðbrögð stjórnvalda við vaxandi hryðjuverkaógn einkum verið tvíþætt. Annars vegar hefur verið leitast við að styrkja stoðir lýðræðisins og stuðla að auknu gegnsæi í viðbrögðum lögreglu ásamt fordómalausri umræðu um stöðu mála. Hins vegar hafa viðbrögðin falist í því að afneita ekki ógninni og auka viðbúnað og getu lögreglu ásamt því að efla félagsleg úrræði af ýmsum toga.

ÁRÓÐUR

Aldrei áður hafa hryðjuverkasamtök átt jafn greiðan aðgang að einstaklingum um heim allan og aldrei áður hafa þeir sem aðhyllast ofbeldisfullar öfgastefnur átt jafn auðvelt með að efna til persónulegra tengsla við fólk um víða veröld. Í sítingdum heimi internets og samfélagsmiðla eru landamæri ekki til. Viðteknar hugmyndir um smæð, einangrun og sérstöðu íslensks samfélags eiga sér í raun litlar stoðir í nútímanum.

Þá veldur vaxandi áhyggjum að einstaklingar eiga sífellt greiðari aðgang að áróðursefni þar sem ofbeldi er upphafið og lofað. Aðgangur að slíku efni á internetinu getur valdið því að viðkomandi gerist öfgafullur og tilbúinn til að gangast fyrir óhæfuverkum án þess þó að hann gerist nauðsynlega handgenginn sjálfri hugmyndafræðinni eða gangi til liðs við hryðjuverkasamtök. Víða á Vesturlöndum beinist athyglin að slíkum „sjálfsprottum“ (e. self-radicalization) öfgamönnum sem iðulega vekja litla eða enga athygli fyrr en þeir láta til skarar skriða. Á undanförunum mánuðum hafa samtökin Ríki íslams lagt á það vaxandi áherslu í áróðri sínum að hvetja menn til að fremja hryðjuverk í heimalöndum sínum.

Í heimi hátækni sem þekkir hvorki landamæri né hindranir við miðlun upplýsinga blasa við nýjar áskoranir á sviði borgaralegra öryggismála. Internetið er þar miðlægt og samskiptamiðlar sem við það styðjast. Ljóst er að internet og samfélagsmiðlar eru nú meginfarvegur þeirrar boðunar sem öfgamenn halda uppi á Vesturlöndum hvort sem er í nafni trúar eða stjórnmálaskoðana. Jafnframt er ljóst að aldrei áður hafa svo margir átt greiðan aðgang að boðskap og áróðri herskára öfgamanna.

Nú um stundir ber einkum á boðskap hægri- öfgasinna og samtökum á borð við Ríki íslams og Al Kaída. Þessir öfgahópar hafa náð góðum tókum á þeim möguleikum sem tæknin býður upp á. Ríki íslams gefur m.a. út tímarit á netinu sem allir geta nálgast og miðlar hatursáróðri og ofbeldisdýrkun af áður óþekktri elju og áhrifamætti. Í raun er það svo að notkun þessara hryðjuverkasamtaka á netinu minnir einna helst á markaðssetningu stórfyrirtækja.

Áhrif og notkunarmöguleikar internets og samskiptamiðla eru ekki bundin við trúarofstækismenn. Pólitískir öfgamenn nýta internetið ekki síður jafnt til að miðla hatursáróðri, hvatningu til ódæðisverka og til að sækja sér upplýsingar.

Vaxandi ólga í Evrópu, sem m.a. lýsir sér í aukinni andúð í garð innflytjenda, gyðinga, hinsegin fólks og múslima, birtist á degi hverjum á internetinu

Hryðjuverkaógnin er hnattræn og viðvarandi. Ísland tilheyrir Vesturlöndum og er þátttakandi í varnarsamstarfi NATO. Óráðlegt er að ganga að því sem vísu að hatursmenn vestrænnar menningar geri greinarmun á Íslendingum og öðrum vestrænum þjóðum þótt Íslendingar séu herlausir hafi ekki tekið beinan þátt í aðgerðum gegn hryðjuverkasamtökum í Mið-Austurlöndum.

Hópar/einstaklingar sem hatast við íslam og múslima eru virkir í ríkjum Evrópu og vitað er að samskipti yfir landamæri eru mikil og nán. Tengd þessu er þróun sem víða má greina í ríkjum Evrópu þar sem vaxandi umburðarleysis og oft haturs gætir gagnvart tilteknum þjóðfélagshópum, einkum innflytjendum og oft múslimum. Víst má telja að umburðarlyndi gagnvart innflytjendum og trúarbrögðum þeirra fer víða þverrandi í Evrópu og má nú þegar greina þá þróun í nágrannalöndum Íslendinga. Á Íslandi má greina svipaða þróun.

INTERNET OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Hryðjuverkasamtök nýta sér internetið til fullnustu. Skiptir þá engu málstaðurinn eða hversu skipulögð starfsemin er. Internetið og samfélagsmiðlar eru nýtt til að skipuleggja aðgerðir, ákveða skotmörk og ná til fólks í þeim tilgangi að fá það til að styðja málstaðinn, jafnvel með því að gangast fyrir hryðjuverki.

Að auki eru samfélagsmiðlar nýttir til að halda uppi samskiptum, gefa fyrirskipanir og skapa samkennd með notendum. Fjölgun þeirra einstaklinga í Evrópu sem gerast hallir undir öfgafulla hugmyndafræði eða stjórnmalastefnu er að nokkru leyti rakin til samfélagsmiðla. Það á ekki síst við um einstaklinga sem einir og óstuddir laðast til fylgis við slíka hugmyndafræði (e. self-radicalization). Hvað öfgafulla íslamista varðar er ljóst að samfélagsmiðlar eru notaðir til að hvetja einstaklinga til að fremja árásir í nafni „persónulegs heilags stríðs“ (e. individual jihad) í heimalöndum sínum.

Notkun á internetinu og samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að miðla öfgafullri hugmyndafræði er vitaskuld ekki bundin við herskúa íslamista. Hópar sem hatast við gyðinga, hinsegin fólk, innflytjendur og múslima nýta sér einnig tæknina til að koma boðskap sínum á framfæri. Hið sama gildir um aðra öfgamenn.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Mikilvægi alþjóðlegs lögreglusamstarfs hefur farið vaxandi enda er hryðjuverkaógnin ekki staðbundin. Embætti ríkislögreglustjóra tekur þátt í viðamiklu alþjóðlegu lögreglusamstarfi. Embættið á samstarf við fjölmarga erlenda aðila sem leggja og lagt hafa mikla vinnu í að greina ógnina og vinna gegn hryðjuverkum. Í ljósi þess að hryðjuverkaógn hefur farið vaxandi á ný innan Evrópu hafa mörg vestræn ríki talið nauðsynlegt að efla viðbúnað og getu lögreglu og annarra borgaralegra öryggisstofnana.

Í kjölfar breytinga á almennum hegningarlögum og lögreglulögum og styrkingar lögreglu m.a. í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi og hryðjuverkum telur GRD hugsanlegt að aukning verði í fjölda fanga, meðal annars úr glæpagengjum og einstaklingum sem hafa verið dæmdir fyrir brot á borð við árásir á minnihlutahópa, táknmyndir ríkisvalds eða neyðarþjónustu, þar sem ofbeldisfull öfgahyggja getur verið einn af undirliggjandi þáttum afbrotanna. Dæmi erlendis frá sýna að þeir sem stunda innrætingu öfgahyggju reyna iðulega að ná til einstaklinga sem eru virkir í eða hafa bakgrunn í glæpagengjum, og hafa því oft töluverða getu til að hóta og beita ofbeldi. Fangar sem ætla sér að innræta öfgahyggju meðal samfanga sinna hafa tilhneigingu til að láta bera mikið á sér og reyna að ná til sem flestra. Að mati GRD er mikilvægt að geta brugðist við tilraunum til innrætingar t.d. með sveigjanlegu skipulagi innan fangelsa.

GRD telur líklegt að tilraunum til að dreifa ofbeldisfullum boðskap innan fangelsa á Íslandi geti farið fjölgandi á næstu árum líkt og raunin hefur orðið erlendis. Slík þróun mun hafa áhrif á vöxt ofbeldisfullra öfgahópa hér á landi. Einnig er mögulegt að tengsl sem verða til innan fangelsanna á milli skipulagðra glæpasamtaka og öfgahópa kunni að skapa aukna ógn á næstu árum ef ekki verður breyting á betrun fanga og aðstöðu þeirra.



ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Er kemur að hryðjuverkaógninni eiga íslensk löggæsluyfirvöld í nánú samstarfi við öryggisþjónustur nágrannalandanna og alþjóðlegar löggæslustofnanir svo sem Evrópulögregluna (Europol), Evrópsku réttaraðstoðina (Eurojust), Landamæra- og loftslögregluna Evrópu (Frontex) og Alþjóðalögregluna (Interpol). Aðild Íslands að Evrópulögreglunni og Evrópsku réttaraðstoðinni hefur styrkt íslensku lögregluna verulega í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni.

Evrópulögreglan gefur á ári hverju út yfirlitsskýrslu um hryðjuverkaógn í álfunni. Skýrslur þessar nefnast á ensku EU Terrorism Situation and Trend Report (TE-SAT). Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur líkt og lögregla í Evrópusambandsríkjum og á Norðurlöndum horft til þessara skýrsla við gerð hættumats í málaflokknum. Evrópulögreglan byggir mat sitt á upplýsingum um áhættuvísu frá aðildarríkjum, öðrum samstarfsríkjum og stofnunum sem og opnum heimildum. Þannig er lögð áhersla á birtingarmyndir hryðjuverkaógnarinnar þ.e.a.s. árásir og starfsemi hryðjuverkamanna og -samtaka. Gögnin sem Evrópulögreglulögreglan safnar vegna skýrslugerðarinnar eru bæði eigindleg og meginindleg og varða brot gegn hryðjuverkalöggjöf innan Evrópusambandsins auk upplýsinga um fjölda handtekinna sem grunaðir eru um þátttöku í slíkri brotastarfsemi. Sams konar gagna er aflað þá þau eru fáanleg um afbrot sem snertu hagsmunum aðildarríkja en voru framin utan ESB.

Evrópulögreglan starfrækir öflug samskiptakerfi og gagnabanka sem íslenska lögreglan hefur aðgang að bæði gegnum tengilið sinn hjá stofnuninni og svo öruggar gagnatengingar má þar nefna (e. Europol Information System; EIS, Secure Information Exchange Network Application; SIENA, og Europol Platform for Experts; EPE) þar sem aðildarríki skiptast milliliðalaust

á upplýsingum m.a. um grunaða hryðjuverkamenn, samskiptaleiðir þeirra, bankareikninga og skotvopn og fleira sem tengist vörnum gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum.

Evrópulögreglan rekur sérstaka miðstöð hryðjuverkavarna. Miðstöð þessi nefnist á ensku „European Counter Terrorism Center (ECTC)“. Þar starfa sérfræðingar sem safna saman trúnaðarupplýsingum frá öllum Evrópuríkjum og vinna úr þeim í því skyni að efla varnir gegn slíkri starfsemi og fjármögnun hennar. Miðstöðin beitir margvíslegum aðferðum í viðleitni sinni til að greina fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og hefur reynst mikilvæg í rannsóknnum á þeirri ógn.

Evrópska réttaraðstoðin, Eurojust, stofnun Evrópusambandsins á sviði ákærumála í sakamálum sem teygja sig yfir landamæri, safnar enn fremur upplýsingum um málarekstur fyrir dómstólum vegna hryðjuverkaógnar í hverju aðildarríki, fjölda einstaklinga í málum sem lokið er með sakfellingu eða sýknu, eðli eða tegund sérhverrar árásar hryðjuverkamanna, kyn sakborninga og þær refsingar sem dómþolar sæta. Sömu leiðis safnar Evrópska réttaraðstoðin upplýsingum um breytingar á löggjöf aðildarríkja er varðar hryðjuverkastarfsemi.

Evrópusambandið og Bretland hafa styrkt lagaumgjörð sína varðandi gervigreind, stafrænt öryggi og þjónustu þar sem tiltekna skyldur eru t.d. lagðar á þjónusturekendur stafrænna netvanga (e. digital arenas) til að berjast gegn hryðjuverka tengdu efni, hatursorðræðu og upplýsingaóreiðu.

HERSKÁIR ÍSLAMISTAR

TAKMÖRKUÐ ÓGN

HUGSANLEGA ER ÓGN TIL STAÐAR, TAKMÖRKUÐ GETA EÐA ÁSETNINGUR

Helsta áhyggjuefni aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) hvað hryðjuverka-ógn varðar tengist herskáum íslamistum, erlendum hryðjuverkasamtökum, öfgasinnuðum hópum á netinu og einstaklingum. Er það mat Evrópulög-
reglunnar í TE-SAT skýrslu ársins 2024 að hryðjuverkaógn innan álfunnar sé alvarleg og viðvarandi.

Árið 2019 töldu margir að ISIS hryðjuverkasamtökin hefðu verið sigruð í Mið-Austurlöndum enda fækkaði mjög árásum ISIS í Evrópu um tíma. Ný bylgja árása frá árinu 2023 virðist hins vegar sýna fram á að svo sé ekki. Nokkrar breytingar eru greinanlegar í hinni nýju bylgju árása þ. á m. þær að gerendur eru yngri en áður tíðkaðist. Meirihluti þeirra sem handteknir hafa verið í Vestur-Evrópu hefur verið ungt fólk og aðferðirnar sem eru notaðar til að höfða til þess eru líka sniðnar að aldri. Internetið gegnir stóru hlutverki við innrætingu, hvatningu til ódæðisverka sem og í nýliðun.

Nýlegar árásir og tilraunir til hryðjuverka innan ESB sýna berlega ásetning og getu þeirra sem aðhyllast herskúa öfgahyggju íslamista og vilja þeirra til að valda miklu mannfalli í þéttbýli ásamt viðleitni til að framkalla mikinn glundroða og hræðslu með stórum hryðjuverkum sem fá mikla athygli og umfjöllun. Árásirnar eru vandlega skipulagðar og sýnir það fram á aukna ógn við ESB frá öfgasinnuðum og herskáum minnihlutahópum og hryðjuverkasamtökum sem hafa aðsetur í eða tengjast Mið-Asíu eða Mið-Austurlöndum. Árásirnar byggja einnig á stuðningsneti fólks sem er fætt er og uppalið innan ESB og hefur snúist

til öfgahyggju eftir að hafa sætt innrætingu um skamman tíma. Sannast hefur að slíkir einstaklingar eru bæði fúsir og færir um að veita aðstoð og verða vitorðsmenn í hryðjuverkaárásum.

Frá árinu 2023 hefur hryðjuverkaógn innan Evrópu aukist til muna, einkum vegna herskára íslamista sem njóta stuðnings eða lúta stjórn alþjóðlegu hryðjuverkasamtakanna „Ríki Íslams (ISIS).“ Ógnin hefur aukist mjög eftir hryðjuverkaárás Hamas samtakanna á Ísrael þann 7. október 2023 en frá þeim tíma hafa löggæslustofnanir álfunnar hið minnsta skráð sjö árásir og 21 tilraun eða fyrirhugaða hryðjuverkaárás í Vestur-Evrópu. Sérfræðingar lögreglu í hryðjuverkum telja markmið Ríkis íslams augljóslega vera það að skapa ótta og sundrung innan samfélagsins m.a. til að hægt sé að ráða enn fleira fólk til að berjast undir fána samtakanna.

Þýska innanríkis öryggisþjónustan (þ. Bundesamt für Verfassungsschutz) telur að um 27.000 manns aðhyllist íslamsima í Þýskalandi. Má af þessum mikla fjölda í Þýskalandi einu saman ráða að málstaður herskára íslamista eigi sér marga fylgjendur innan Evrópu.

Sem dæmi um hryðjuverkatilraun Ríkis íslams sem komið var í veg fyrir innan Vestur-Evrópu má nefna að austurrísk yfirvöld handtöku tvo grunaða meðlimi samtakanna skömmu fyrir tvenna fyrirhugaða stórtónleika bandarísku söngkonunnar Taylor Swift í Vínarborg í ágúst 2024. Að sögn yfirmanns austurrísku öryggisþjónustunnar sagðist hinn grunaði, 19 ára Austurríkismaður af norður-makedónskum uppruna, við handtöku hafa viljað „drepa sjálfan sig og stóran hóp fólks“ í því skyni að berjast fyrir málstað Ríkis íslams.

Í lok maí 2024 slasaði Afgani, búsettur í Þýskalandi, lögreglumann lífs-hættulega og særði fimm aðra alvarlega í Mannheim. Árásinni var beint að formanni Pax Europa, hreyfingar sem gagnrýnir íslam. Þrátt fyrir að engin bein tengsl við ISIS hafi fundist í þessu máli, flokkuðu rannsakendur ástæðu árársarinnar sem „trúarlega hvatningu“.

Í kjölfar þessarar árársar lýstu yfirvöld bæði í Þýskalandi og Frakklandi yfir þungum áhyggjum af ofbeldi ISIS á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu í Þýskalandi og Ólympíuleikunum í París sem fram fóru sumarið 2024. Báðir þessir stóru viðburðir fóru friðsamlega fram en vera má að þakka beri auknum öryggisráðstöfunum og hertu landamæraeftirliti.

Þann 23. ágúst 2024 framdi 26 ára Sýrlendingur hryðjuverkaárás í Solingen og var hún ein af röð árása og tilrauna herskára íslamista víðs vegar um Evrópu í fyrrasumar þó ekki sé alltaf ljóst hvort það hafi verið Ríki Íslams sem að baki þeim stóð. Sama dag og árásin var gerð í Solingen sprungu tveir bílar fyrir utan samkunduhús í La Grande-Motte í Suður-Frakklandi. Hryðjuverkasamtökin „Ríki Íslams“ (ISIS) lýstu ábyrgð á hnífaárásinni í Solingen á hendur sér. Að sögn Amaq, málgagns ISIS, var árásin gerð í „hefndarskyni fyrir múslima í Palestínu og víðar“ og beindist að „hópi kristinna manna“.

Amaq fréttaveitan virðist hafa verið þróuð af ISIS undir því yfirskeyni að um lögmætan fréttamiðil sé að ræða en í reynd er honum stýrt af hryðju-

verkahópnum í armslengdar fjarlægð, og „fréttunum“ sem þar birtast er ætlað að gefa ísís ásýnd lögmætis. Amaq birtir straum stuttra fréttu, bæði texta og myndbanda, í farsíma-appinu Telegram. Fréttirnar beita aðferðum megins-straumsmiðla með „Breaking News“ fyrirsögnum, og viðtölum við „fréttamenn“ á vettvangi. Umfjöllun miðilsins er sveipuð blæju hlutleysis; dregið er úr mál- og hugtakanotkun íslamista og bókstafstrúaramanna sem ísís notar iðulega í opinberum útgáfum sínum. Segja má að Amaq virki svipað og ríkisfréttastofa ísís, þó að hópurnir viðurkenni hana ekki opinberlega sem slíka.

ÍSLAMISTAR Á ÍSLANDI

Á Íslandi hafa öfgasinnaðir íslamistar hingað til ekki verið taldir skapa alvarlega ógn. Öfgasinnaðir íslamistar hafa aldrei framið hryðjuverk á Íslandi. Lögreglu er ekki kunnugt um að á Íslandi hafi myndast hópar eða samfélög sem aðhyllast herskáan íslamisma. Ekki er slíkt þó óhugsandi með öllu. Ólíkt því sem þekktist á öðrum Norðurlöndum heldur lögreglan ekki uppi viðvarandi langtímaeftirliti með íslenskum ríkisborgurum sem grunaðir eru um að aðhyllast íslamisma. Í gögnum lögreglu er ekki að finna upplýsingar um að fram fari á Íslandi innræting ofbeldisfulls íslamisma.

Taka ber fram að þekkt eru tilfelli þess á undanförunum árum að upplýsingar hafa borist íslensku lögreglunni þess efnis að í landinu séu staddir erlendir menn með tengsl við hryðjuverkasamtök. Þá hefur það gerst að erlendir einstaklingar hér á landi hafa lýst sig fylgismenn hryðjuverkasamtaka íslamista. Við slíkum upplýsingum hefur lögreglan brugðist með rannsóknum og eftirliti og samskiptum við erlend löggæsluyfirvöld. Hér er um að ræða fáa einstaklinga og hafa þeir undantekningalaust komið erlendis frá annað hvort sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eða sem flóttamenn. Með öðrum orðum er ekki um að ræða sjálfsprottna íslamista í íslensku umhverfi. Hefur þeim sem lögregla hefur metið vera ógn við öryggi landsmanna ýmist verið vísað úr landi eða þeir horfið á brott að eigin frumkvæði.

Tilvikin eru, sem fyrr sagði, fá og er við þeim brugðist strax og upplýsingar berast til lögreglu. Fyrirliggjandi upplýsingar benda ekki til þess að tilvik þessi hafi verið skipulögð og að ætlun viðkomandi hafi verið að framkvæma hryðjuverk á Íslandi. Í ljósi þess fjölda útlendinga sem til landsins hafi komið á síðustu árum þarf ekki að koma á óvart að einhverjir þeirra séu grunaðir um slík tengsl. Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur rétt að gera ráð fyrir að slíkum málum muni fjölga á komandi árum og jafnvel að það komi til þess að einstaklingar hafi hlotið íslenskan ríkisborgararétt áður en upplýsingar varðandi tengsl við hryðjuverkasamtök berast íslenskri lögreglu. Það er mat greiningardeildar að styrkja þurfi rannsóknarheimildir, möguleika til saksóknar og réttarvörslukerfið í heild þ.m.t. alþjóðlegt samstarf á sviði hryðjuverkavarna til að íslenskt réttarvörslukerfi sé í stakk búið að takast á við slík mál.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra þekkir dæmi þess að tiltekinn erlendir einstaklingur hafi verið sagður tengjast hryðjuverkastarfsemi. Greiningardeild

ríkislögreglustjóra þekkir einnig tilvik þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa sjálfir lýst því yfir að þeir hafi verið þvingaðir til að ganga til liðs við hryðjuverkasamtök. Þótt viðkomandi kveðist ekki styðja hryðjuverkasamtök sé nöfn þeirra að finna á skráum stjórnvalda í heimalandinu yfir hryðjuverkamenn. Þar af leiðandi geti þeir ekki snúið aftur til síns heima þar sem þeirra bíði grimm örlög; fangelsi, pyntingar, dauði. Þannig hafa tilteknaðar upplýsingar og tilvik kallað tímabundið á viðbrögð og aukinn viðbúnað lögreglu á Íslandi.

Hinu ber að halda til skila, að lögregla telur vaxandi áhyggjuefni að til landsins komi fólk, einkum ungir karlmenn frá íslömskum ríkjum, sem sýnir ógnandi framferði eða lætur í ljósi vilja til ofbeldisverka. Hér er einkum, en ekki einvörðungu, átt við einstaklinga sem til landsins koma og ekki er unnt að sannreyna hverjir eru, þar sem þeir ýmist villa á sér heimildir eða veita engar upplýsingar um uppruna sinn og sögu. Upplýsingar berast greiningardeild ríkislögreglustjóra þess efnis að háttalag og yfirlýsingar einstaklinga m.a. á samfélagsmiðlum þar sem myndir birtast af viðkomandi vopnuðum og/eða í herklæðum, gefi tilefni til viðbragða.

PÓLÍTÍSKIR ÖFGAHÓPAR/- EINSTAKLINGAR

AUKIN ÓGN

TIL STAÐAR ER ÁSETNINGUR OG/EÐA GETA OG HUGSANLEG SKIPULAGNING HRYÐJUVERKA

Á síðustu árum hafa herskáir hópar og samtök hægrisinnaðra öfgamanna orðið áberandi í ríkjum Evrópu og þeirri þróun hefur fylgt fjölgun ofbeldisverka sem rekja má til haturs viðkomandi á innflytjendum og múslimum auk þess sem spjótum hefur verið beint að ríkisvaldi, pólitískum andstæðingum, minnihlutahópum og hinsegin fólki.

Hafa stjórnvöld í sumum Evrópuríkum íhugað að efla heimildir lögreglu til að fylgjast með samfélags- og samskiptamiðlum í því skyni að koma í veg fyrir hryðjuverk enda fara samskipti þessara öfgahópa að langmestu leyti fram þar. Til dæmis hafa stjórnvöld í Austurríki þegar samið uppkast að lögum sem heimila eftirlit með samskiptaforritum á borð við Messenger. Er haft eftir innanríkisráðherra Gerhard Karner: „Þetta snýst um nútímalegar og tímabærar aðferðir fyrir lögregluna okkar, svo hún geti staðið jafnfætis hryðjuverkamönnum og hættulegum glæpamönnum og barist gegn þeim með afgerandi hætti.“ (þ. „Es geht um moderne und zeitgemäße Methoden für unsere Polizei, damit diese konsequent und auf Augenhöhe gegen Terroristen und Schwerstkriminelle vorgehen kann“).

Í Bandaríkjunum hefur sömu tilhneigingar gætt; vestra hefur fjölgað tilfellum pólitískra ofbeldisverka. Er skemmst að minnast tilræðis við Bandaríkjaforseta, Donald J. Trump, í Pennsylvaníu í júlímánuði sl. og síðar launsáturs gegn honum í september 2024.

Í Te-Sat skýrslu ársins 2024 segir Evrópulögreglan að hægrisinnaðir öfgamenn skapi mesta hættu pólitískra öfgahópa. Í henni kemur fram að þeir hópar og einstaklingar sem aðhyllast þá hægri öfgasinnuðu hugmyndafræði sem kennd er við hröðunarsinna (e. accelerationism) skapi mesta ógn. Þessi hugmyndafræði gengur út á niðurbrot samfélagsins með ofbeldi og þar með talið hryðjuverkum, að koma á kynþáttastríði með niðurrifi félagslegra- og pólitískra kerfa. Evrópulögreglan hefur sérstakar áhyggjur af ungum hægri-öfgasinum sem taldir eru taka virkan þátt í framleiðslu áróðurs og skipulagningu hryðjuverka. Þeir vinni að því afla hryðjuverkahópum fylgis og hvetji liðsmenn sína til aðgerða. Nýir hægri öfgahópar séu orðnir sýnilegri á netinu auk þess sem þeir leitist við að hrinda áformum sínum um hryðjuverk í framkvæmd.

Á Norðurlöndum er ógn vegna pólitískra öfgahópa helst talin stafa frá hægri-öfgasinum. Sérstakar áhyggjur eru af ungmennum sem talin eru verða fyrir innrætingu á netvöngum (e. digital arenas) með þeim afleiðingum að sum þeirra þrói með sér löngun til að fremja hryðjuverk. Talið er hugsanlegt að einstaklingar eða litlir hópar hægri öfgasinna reynist tilbúnir til að ráðast með ofbeldi gegn samfélaginu í nafni pólitískrar hugmyndafræði.

Hryðjuverkaógnin gegn Íslandi árið 2025 stafar fyrst og fremst frá ofbeldisinnuðum einstaklingum sem starfa í litlum hópum eða einir síns liðs og sækja hvatningu í ofbeldisfullan áróður hægri öfga.

GRD hefur sérstaklega áhyggjur af ungmennum sem eru meðlimir á netvöngum þar sem innræting hægri öfgahyggju fer fram. GRD hefur vitneskju um íslensk ungmenni sem eru virk á netvöngum þar sem efni sem inniheldur hatursorðræðu er dreift eða hvatt til ofbeldis og hryðjuverka gegn ýmsum minnihlutahópum s.s. vegna kyns, uppruna eða trúar.

Af fyrirliggjandi upplýsingum verður sú ályktun dregin að ofbeldishneigðir öfgamenn á hægri kanti stjórnmálanna muni á ári komanda líklega skapa mesta ógn hvað hryðjuverk pólitískra hópa/einstaklinga varðar í hinum vestræna heimi. Sérstakar áhyggjur vekja fjölmargir netvangar þar sem ungmenni eru áberandi meðal þátttakenda og þar sem fram fer skipulagður áróður gegn stefnu stjórnvalda á Vesturlöndum í málefnum ýmissa minnihlutahópa s.s. flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd, hinsegin fólks, múslima og gyðinga.

GEREYÐINGARVOPN

LÁGMARKS ÓGN

ENGAR VÍSBENDINGAR ERU UM HRYÐJUVERKAÁRÁS MEÐ GEREYÐINGARVOPNUM Á ÍSLANDI OG ENGAR UPPLÝSINGAR UM HVORKI ÁSETNING NÉ GETU HÓPA/EINSTAKLINGA TIL AÐ FREMJA HRYÐJUVERK HÉRENDIS MEÐ GEREYÐINGARVOPNUM Á ÁRINU 2025

Í skýrslum Evrópulögreglunnar varðandi hryðjuverkaógnina undanliðinn áratug hefur hvað eftir annað komið fram það mat að engar sannanir séu fyrir því að hryðjuverkamenn innan Evrópusambandsins geti beitt efna-, sýkla-, geisla-, eða kjarnorkuvopnum og ekkert bendi til slíkrar getu. Hins vegar sé vitað að herskáir íslamistar hafi löngum sýnt því áhuga að komast yfir slík vopn.

Á síðustu árum hefur einnig, skv. skýrslum Evrópulögreglunnar, orðið vart við aukinn áróður, leiðbeiningar um gerð og hótanir um beitingu slíkra vopna af hálfu hryðjuverkamanna. Með auknu aðgengi að slíkum upplýsingum er auðveldara að afla þekkingar um hvernig nota má slík vopn og að útvega búnað og þau efni sem þarf.

Í TE-SAT skýrslu ársins 2023 koma fram áhyggjur varðandi hægri-öfga-hyggju og nefnt er að vefrit hægri öfgasinna hafi birt leiðbeiningar um hvernig gera má svokallaða „dirty bomb“ sem er sprengja sem inniheldur bæði hefðbundið sprengiefni og geislavirkt efni. Bendir Evrópulögreglan á þann möguleika að geislavirku efni sé smyglað frá stríðssvæðum Úkraínu til Evrópu þar sem það gæti lent í höndum hryðjuverkahópa en stofnunin tekur fram að hún hafi engar vísbendingar um slíkt undir höndum. Í TE-SAT skýrslu ársins 2024 segir Evrópulögreglan að einstaklingar úr röðum mismunandi öfgahópa leiti nú eftir leiðbeiningum á internetinu um gerð ýmiss konar vopna þ.m.t. efnavopna.

Fall Bashar al-Assad forseta Sýrlands í desembermánuði 2024 hefur vakið áhyggjur á Vesturlöndum varðandi meint efnavopnabúr hans. Falli slík vopn í hendur alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka vex ógnin af beitingu þeirra innan Evrópu.

Sænska öryggislögreglan Säpo segir í ársmati sínu fyrir árið 2024 að ofbeldishneigðir öfgasinnar hafi aldrei nokkru sinni beitt efnahernaði í hinum vestræna heimi. Þrátt fyrir að það fyrirfinnist áhugi til að beita efnavopnum, sérstaklega innan hryðjuverkahópa sem tengjast herskáum íslamistum, til hryðjuverka. Bendir sænska öryggislögreglan á að framleiðsla og notkun slíkra vopna krefjist mikillar þekkingar og kunnáttu og dregur í efa getu hefðbundinna hryðjuverkasamtaka til að hrinda í framkvæmd stórra efnaárás.

GRD hefur engar upplýsingar hvað varðar ógn af geryðingarvopnum á Íslandi. Dregur GRD mjög í efa að einstaklingar hér á landi, sem hættulegir teljast að mati deildarinnar, hafi nauðsynlega kunnáttu, þekkingu eða fjármagn til að framleiða slík vopn og beita þeim.

HRYÐJUVERKAÁRÁSIR UM INTERNET - NETHRYÐJUVERK

LÁGMARKS ÓGN

**ENGAR VÍSBENDINGAR ERU UM HRYÐJUVERKAÁRÁS UM INTERNET Á ÍSLANDI OG
ENGAR UPPLÝSINGAR UM ÁSETNING - EÐA GETU HRYÐJUVERKASAMTAKA TIL AÐ FREMJA
HRYÐJUVERK HÉRENDIS MEÐ STAFRÆNUM HÆTTI Á ÁRINU 2025.**

Notkun hryðjuverkasamtaka á internetinu hefur löngum verið talin möguleg ógn. Hryðjuverkasamtök á borð við ISIS og Al-Kaída hafa sýnt að þau ráða yfir talsverðri þekkingu og getu á sviði tölvutækni. Jafnframt er þess að geta að hryðjuverkasamtök eða einstaklingar kunna að leita til glæpahópa í því skyni að kaupa af þeim tölvuþjónustu (e. Crime as a Service). Möguleg sviðsmynd gæti falist í svonefndri „skertri þjónustu með dreifðri netárás“ (e. Distributed Denial of Service Attacks – DDoS) í þeim tilgangi að trufla virkni tölvukerfa.

Evrópulögreglan hefur í TE-SAT skýrslum vakið athygli á þeim möguleika að tölvutækni kunni að gegna mikilvægu hlutverki í hryðjuverkaárásum framtíðarinnar. Nýting tölvutækni kunni að vera sérstakur hvati fyrir hryðjuverkasamtök þar sem hún getur gefið færi á atlögu úr fjarlægð t.d. með drónum eða öðrum fjarstýrðum vopnakerfum og þar með minnkað áhættu. Einnig hefur sú ógn verið kynnt til sögu að hryðjuverkasamtök kunni að fremja netárás samhliða „hefðbundinni“ hryðjuverkaárás til þess að auka enn áhrifamátt þeirrar síðarnefndu t.a.m. með því að trufla stjórn- eða viðbragðskerfi lögreglu, annarra viðbragðsaðila og annars konar almannaðjónustu.

Í TE-SAT 2023-skýrslu Evrópulögreglunnar segir að hryðjuverkasamtök nýti internetið helst til að ná til nýrra stuðningsmanna, koma áróðri og upplýsingum á framfæri og auðvelda innrætingu ofbeldisfullrar öfgahyggju. Sömuleiðis

er það mat stofnunarinnar að hryðjuverkasamtök noti dulritaða gjaldmiðla, dulritaðar vörur og stafræn sýndartorg til að flytja fjármuni og dylja slóð þess fjár sem þeir safna til að fjármagna starfsemi sína og aðgerðir.

Er það mat ýmissa sérfróðra að geta „hefðbundinna“ hryðjuverkasamtaka til árása um internetið sé enn takmörkuð og að hópar þessir ráði ekki yfir nægilegri tækniþekkingu til að framkvæma svo flóknar aðgerðir. Í nýjustu skýrslu Miðstöðvar netöryggis í Danmörku sem út kom í 20. september 2024 segir að ógnarstig vegna mögulegra árása hryðjuverkamanna um internetið sé á lægsta stigi á fimm stiga kvarða „Engin ógn.“ Metur stofnunin ólíklegt að dönsk stjórnvöld og fyrirtæki verði fyrir nethryðjuverkum á næstu tveimur árum.

Hér þykir rétt að taka fram að mikill munur er á getu til netárása eftir því hvort um ræðir hryðjuverkasamtök eða fullvalda ríki. Þó geta hryðjuverkasamtaka til slíkra árása sé talin takmörkuð til meðallangs tíma er engum blöðum um að fletta að mörg fullvalda ríki búa yfir slíkri þekkingu og getu. Enn fremur er rétt að greina að beina ógn þ.e. hryðjuverkaárásina sjálfa og svo óbeina ógn þ.e. notkun öfgahópa á tölvutækni til að dreifa áróðri, falsfréttum, afla liðsmanna og hvetja til ódæðisverka. Enginn vafi leikur á að í síðara tilvikinu nýta öfgahópar sér tölvutæknina til hins ýtrasta.

GRD hefur um nokkurra ára skeið haft áhyggjur af fjölþáttaógnum og birti skýrslu varðandi þær árið 2023. Hugtakið fjölþáttaógnir er iðulega notað til að ná utan um samtengt eðli áskorana (t.d. hryðjuverkaógn, kynþáttastríð, fólksflutninga, veikar stofnanir), margbreytileika gerenda (hefðbundinn herafla, herflokka, glæpahópa) og fjölbreytileika viðtekinna og óhefðbundinna aðferða sem beitt er (hernaði, alþjóðasamskiptum, tækni). Með öðrum orðum eru fjölþáttaógnir samsettar úr mismunandi þáttum sem fléttast saman og mynda á þann veg flóknari og marghliða ógn. Segja má að hugtakið sé myndlíking, sem beitt er til að ná utan um ógnir, togstreitu og það flækjustig sem fylgir breyttu umhverfi alþjóðamála og tæknivæddri samfélagsgerð.

Ríki geta háð fjölþáttahernað, og nýtt fjölda mismunandi hernaðaraðferða þ.m.t. hefðbundna hernaðargetu, óhefðbundnar aðgerðir og liðsskipan, hryðjuverk þ.m.t. vægðarlaust ofbeldi og nauðung, og glæpi sem valda glundroða.

Að loknum fundi utanríkisráðherrar NATO-ríkjanna þann 4. desember 2024 sagði framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Mark Rutte, að bæði Rússland og Kína hafi reynt að ógna stöðuleika og valda glundroða innan NATO-ríkjanna með skemmdarverkum, stafrænum árásum (e. cyber attacks) og orkukúgun (e. energy blackmail).“ Rutte benti sömuleiðis á að utanríkisráðherrarnir hafi samþykkt aðgerðir til að vinna gegn fjandsamlegum aðgerðum Rússlands þ.m.t. stafrænum. Meðal þeirra gagnaðgerða sem Rutte nefndi voru aukin upplýsingaskipti, fleiri æfingar, betri vernd mikilvægra innviða, bættar netvarnir og harðari aðgerðir gegn „skuggaflota“ olíuútflutningsskipa Rússlands. Hann lagði enn fremur áherslu á að NATO „muni vinna náið með esb að þessum málum.“ Rutte undirstrikaði að aukin samhæfing Rússlands, Kína, Norður-Kóreu og Írans varpi ljósi á hnattrænt eðli þeirra ógna sem NATO-

ríkin standa frammi fyrir, þar á meðal stigmögnun stríðsins í Úkraínu. Með þessari umfjöllun um fjölþáttaógnir er leitast við að benda á þau skaðlegu samfélagslegu áhrif sem fjölþáttaógnir skapa en falla ekki eingöngu undir skilgreiningu hryðjuverka heldur, sökum alvarleika, gerenda og tilgangs, falla fremur undir hernaðaraðgerðir.

Að endingu skal hér nefna vaxandi ógn sem felst í sambandi skipulagðra brotahópa og hryðjuverkasamtaka líkt og nefnt var í upphafi þessa kafla. Slíkar tengingar eru ein birtingarmynd hryðjuverkaógnar sem veldur lögreglu á Norðurlöndum áhyggjum. Sænska öryggislögreglan hefur staðfest að stjórnvöld í Íran nýti sér brotahópa innan Svíþjóðar til að ráðast gegn öðrum ríkjum, hópum eða einstaklingum sem þau telja andstæðinga klerkastjórnarinnar í Teheran.



ÞÆTTIR SEM FALLNIR ERU TIL AÐ DRAGA ÚR HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI

Ísland telst öruggasta land í heimi árið 2024 samkvæmt hinni þekktu vísitölu Global Peace Index. Hefur svo verið allt frá árinu 2008. Er þetta mat í samræmi við niðurstöður kannana sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur mörg undanliðin ár unnið í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og snúa m.a. að öryggistilfinningu íbúa og trausti þeirra til lögreglu.

Með öðrum orðum; Ísland er friðsælt og öruggt land bæði í hugum landsmanna sjálfra sem og erlendra aðila er meta öryggismál á alþjóðavísu. Friðsælt samfélag dregur úr líkum á að umhverfi myndist þar sem ofbeldisfull öfgahyggja nær fótfestu. Mikil verðmæti eru fólgin í því að búa við öryggi og frið. Það er því brýnt að búa svo um hnúta að ekki myndist frjór jarðvegur fyrir ofbeldisfulla öfgahyggju hér á landi. Í því samhengi er mikilvægt að huga að jaðarsettum hópum samfélagsins og mikilvægi þess að tryggja velferð, afkomu og virka samfélagsþátttöku þeirra einstaklinga sem þeim tilheyrja.

Hins vegar einskorðast hryðjuverkaógnin ekki við þjóðerni og tiltekni þjóðfélags hópar verða ekki gerðir ábyrgir fyrir gjörðum einstaklinga sem tilheyrja þeim. Skotmörk og aðferðir hryðjuverkamanna taka breytingum og starfsemi þeirra virðir ekki landamæri. Alþjóðlegt samstarf verður því æ mikilvægara í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni sem ekkert vestrænt ríki getur talist óhult fyrir og er Ísland þar ekki undanskilið. Af þessu leiðir einnig að mikilvægt er að efla samstarf og upplýsingaskipti á milli lögreglu og annarra stofnana, bæði innanlands og á milli ríkja. Samtímis þurfa ríki að auka notkun og framlag til sameiginlegra upplýsinga- og gagngrunna.

Alþjóðlegt lögreglusamstarf og upplýsingaskipti eru mikilvæg, hvort sem það tengist fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði löggæslu- og öryggismála eða beinum samskiptum í þágu framgangs lögreglurannsókna. Ekkert land er líklegt til að ná góðum árangri gegn hryðjuverkastarfsemi sem eyland og samstarfið verður aldrei sterkara en veikasti hlekkurinn. Brýnt er að Ísland uppfylli þær væntingar og kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegri lögreglusamvinnu.

EFTIRFARANDI ERU NOKKRIR MILDANDI ÞÆTTIR SEM LITIÐ ER TIL

ÞEGAR ÓGN VEGNA HRYÐJUVERKA ER METIN

-
- Engar vísbendingar eru um að hryðjuverkasamtök séu starfandi á Íslandi.
-
- Engar vísbendingar eru um að íslenskir hryðjuverkahópar séu starfræktir erlendis.
-
- Engar staðfestar upplýsingar eru um að samfélag öfgafullra trúarhópa hafi myndast á Íslandi.
-
- Engin sjáanleg merki eru um að leiðtogar eða áhrifavaldar stundi eða skipuleggi innrætingu öfgafullrar hugmyndafræði eða hvetji til hryðjuverka á Íslandi.
-
- Engar vísbendingar eru um ferðalög vígamanna (e. foreign fighters) frá Íslandi.
-
- Ísland er ekki talið vera beint skotmark hryðjuverkasamtaka á borð við Ríki íslams (ISIS) og Al-Kaída eða ofbeldisfullra öfgahópa sem styðja málstað þeirra.
-
- Aðild að og starfandi tengslafulltrúar Íslands við Evrópulögregluna og Evrópsku réttaraðstoðina.
-
- Engin atvik hafa komið upp á Íslandi sem hafa magnað upp reiði herskára íslamista á alþjóðlega vísu s.s. kóranbrennurnar í Svíþjóð eða skopmyndir af spámanninum líkt birtust í Jótlandspóstinum og hafa vakið harkaleg viðbrögð múslima í Skandinavíu.

GAGNRÁÐSTAFANIR

Stjórnvöldum á hverjum tíma ber að marka stefnu í öryggismálum og leitast við að tryggja öryggi borgaranna með fullnægjandi lagasetningu. Geta lögreglu til að tryggja öryggi borgaranna ræðst þannig hverju sinni af mati ríkisstjórnar og Alþingis á þeim ógnum sem beinast að samfélaginu. Lagaramminn sem settur er um starfsemi og heimildir lögreglu auk mannafla, þjálfunar og búnaðar ræður hvað mestu um getu hennar til að fyrirbyggja ógnir er varða öryggi ríkisins og almennings. Búi lögreglan ekki yfir fullnægjandi úrræðum minnka líkur á að hún fái staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til hennar lögum samkvæmt. Embætti ríkislögreglustjóra hefur á síðustu árum upplýst ríkisstjórn, Alþingi og almenning á markvissan hátt um mögulega hryðjuverkaógn og þá hættu sem einstaklingar geta skapað í samfélaginu.

Frá 2008 hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra reglulega gefið út hættumat þar sem fjallað er um hryðjuverkaógn. Þar hefur verið bent á að íslenska lögreglan ræður ekki yfir rannsóknarheimildum á sviði hryðjuverkavarna sem eru sambærilegar við þær sem þekkjast hjá nágrannaþjóðum.

Á síðustu árum hefur víðtæk umræða um hryðjuverk og hryðjuverkaógn farið fram á Vesturlöndum. Umræðan hefur einkum lotið að því hvernig og af hversu miklum þunga bregðast beri við ógninni. Segja má til einföldunar að álitæfnin snúist um grunngildi hins frjálsa þjóðfélags og viðbúnað og eftirlit í nafni öryggis.

Á síðustu misserum hafa stjórnvöld styrkt lagaumgjörð löggæslu á Íslandi má hér nefna rýmkun heimilda í reglum um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu auk nýlegra breytinga á lögreglulögum. Jafnframt hafa verið settar skýrari heimildir fyrir lögreglu til samstarfs innanlands; við önnur stjórnvöld,

stofnanir og félagasamtök. Auk þess hafa heimildir lögreglu til samstarfs við erlend lögreglufirvöld og alþjóðastofnanir verið skýrðar og auknar.

Í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar innan Evrópu og á hinum Norðurlöndum og þeirra hryðjuverka sem framin hafa verið í Evrópu nýlega og þeirra árása sem unnt hefur verið að afstýra þar á síðustu misserum m.a. á grundvelli rannsóknarheimilda lögreglu, er það mat ríkislögreglustjóra að brýnt sé að stjórnvöld greiði fyrir eftirfarandi gagnráðstöfunum:

-
- Efla samstarf /samráð á milli fangelsismálayfirvalda og lögreglu í því skyni að miðla upplýsingum t.d. með því að mynda samráðsvettvang.
-
- Auka heimildir lögreglu vegna rannsókna brota er beinast gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórn s.s. hryðjuverkabrotum, sbr. x. og xi. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
 - ◆ Veita lögreglufirvöldum sambærilegar heimildir á sviði hryðjuverkavarna og tíðkast á öðrum Norðurlöndum og innan Evrópu-sambandsins, jafnframt að tryggja fullt eftirlit Alþingis og dómstóla með slíkum heimildum.
-
- Samþykkja öryggislöggjöf að norrænni fyrirmynd.
-
- Að lögreglan verði eflid til þess að sinna forvörnum og fyrirbyggjandi starfi á sviði hryðjuverkavarna með fjölgun lögreglumanna, sérfræðinga og bættum búnaði. T.d. með samfélagslöggæslu á netvöngum þar sem ungmenni safnast saman.
-
- Sköpuð verði samfélagsleg úrræði fyrir þá sem verða fyrir innrætingu ofbeldisfullrar hugmyndafræði líkt og tíðkast á Norðurlöndum og innan Evrópu.
-
- Skapa sveigjanlegt skipulag innan fangelsa.
-
- Berjast gegn innrætingu öfgasinnaðrar hugmyndafræði á fyrstu stigum. Mikilvægt að stuðla að því að einstaklingar geti sótt aðstoð og stuðning ef grunur leikur á að ungmenni séu fórnarlömb innrætingar en öfgavettvangar reyna eftir fremsta megni að höfða til yngri kynslóða.

Varnir gegn öfga- og hryðjuverkastarfsemi geta ekki takmarkast við öflugri viðbúnað lögreglu, heldur verða þær líka að byggjast á stefnu í málefnum nýrra Íslendinga og flóttamanna sem tryggir jafnvægi í samfélaginu og auðveldar aðlögun nýrra borgara að því.

Í því skyni að berjast á áhrifaríkan hátt gegn ofbeldi og hryðjuverkum er mikilvægt er að skilja samhengið og tengslin á milli hugmyndafræði og ofbeldis. Börn og unglingar eyða miklum tíma á stafrænum vettvöngum; þar á meðal

spjallsvæðum sem tengjast tölvuleikjum. Þessir vettvangar gegna mikilvægu félagslegu hlutverki í lífi barna og ungmenna en neikvæðu hliðarnar geta falið í sér að þau verði fyrir áróðri og jafnvel innrætingu sem felur í sér kynþáttahatur, kynjamisrétti og andlýðræðislegar skoðanir.

Stafrænir vettvangar (e. cyber platforms) hafa gjörbreytt og auðveldað ofbeldisfullum öfgasinnum að nálgast fórnarlömb sín. Notendur á samfélagsmiðlum kjósa í auknum mæli að neyta efnis í formi myndbanda frekar en í myndum eða texta. Takmörkuð miðlunarstýring á samskipta- og samfélagsmiðlum gerir það verkum að ofbeldisfullt efni sem áður var aðallega til staðar á lokuðum svæðum á netinu er nú aðgengilegt í myndbandsformi á samskipta- og samfélagsmiðlum. Þar geta skilaboðin verið aðlöguð til að forðast að efnið verði fjarlæggt. Ungmenni sem skortir getu til að skilja afleiðingar ofbeldisfullra skilaboða og áróðurs eru líklegri til að vera móttækileg fyrir slíkum áróðri og upplýsingóreiðu og teljast þar af leiðandi í meiri hættu á að verða fórnarlömb ofbeldisfullrar innrætingar en fullorðnir. Mikilvægt er því talið að berjast gegn hvers kyns hatursorðræðu á netinu og hefur embætti ríkislögreglustjóra tekið virkan þátt í slíkum aðgerðum í samvinnu við Evrópulögregluna

